

 Tilkynning um stjórnslukæru nr_123_2025_ Álfabakki 2A_

Móttekið	5.8.2025 08:51:59
Búið til dags.	28.8.2025 11:34:35
Tilheyrir	 USK25080022 - Kæra nr 123/2025 - Álfabakki 2A
Frá	Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála - UUA (uua@uua.is)
Til	usk@reykjavik.is

Innihald

Góðan dag.

Meðfylgjandi er afrit stjórnslukæru, móttekin 4. ágúst 2025 ásamt fylgigögnum, þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar frá 4. júlí 2025 um synjun á kröfum kærenda um afturköllun á byggingarleyfi fyrir mannvirkið við Álfabakka 2A og um stöðvun frekari framkvæmda við mannvirkið, að það verði fjarlæggt og allt jarðrask afmáð á grundvelli 55. gr. laga um mannvirki.

Vegna framkominnar kæru er farið fram á að úrskurðarnefndin fái í hendur gögn er málið varða og er stjórnvaldi jafnframt gefið kostur á að skila umsögn í málinu **innan 15 daga frá dagsetningu þessarar tilkynningar**, en hægt er að óska eftir 15 daga viðbótarfresti, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Óskast staðfest um móttöku.

Með kveðju,
f.h. nefndarinnar

Ólöf Harðardóttir, skrifstofumaður ; ; ;

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála

Borgartúni 21, 105 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 5758710

www.uua.is (<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.uua.is%2F&data=05%7C02%7Cmagnea.lilly.fridgeirsdottir%40reykjavik.is%7C07a0afd7c4546cf500a08ddd3fd5b7d%7C6aed0be3a6ff4c6c-fyrirvari%2F&data=05%7C02%7Cmagnea.lilly.fridgeirsdottir%40reykjavik.is%7C07a0afd7c4546cf500a08ddd3fd5b7d%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7>)

- Fyrirvari/Disclaimer (<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=https%3A%2F%2Fwww.stjornarradid.is%2Fum-vefinn%2Fum-abyrgd-a-tolvuposti-email-disclaimer%2F&data=05%7C02%7Cmagnea.lilly.fridgeirsdottir%40reykjavik.is%7C07a0afd7c4546cf500a08ddd3fd5b7d%7C6aed0be3a6ff4c6c83b5bb72bdd10088%7>)



Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður og samgöngumáti er valinn.
Please consider the environment before printing and choosing transport.

KÆRA TIL ÚRSKURÐARNEFNDAR UMHVERFIS- OG AUÐLINDAMÁLA

4.8.2025 18:51

1. Kærandi/kærendur

Ef kærendur eru fleiri en einn skal skrá þá aðila hér með hnappnum Bæta við kæranda. Ef fleiri koma að kæru þarf umboð frá meðkærendum ef kærán er ekki meðfylgjandi undirrituð skriflega af öllum aðilum.

Fullt nafn	Búseti húsnæðissamvinnufélag
Kennitala	5611840709
Heimilisfang	Siðumúli 10
Póstnúmer	108
Staður	Reykjavík
Sími	
Netfang	

Ef um umhverfisverndarsamtök, útivistarsamtök eða hagsmunasamtök er að ræða þarf einnig að skila inn eftirtöldu, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Upplýsingum um félaga fjölda. Samþykktum félagsins. Nýjustu ársskýrslu. Staðfestingu á því að um endurskoðað bókhalð sé að ræða, t.d. með árituðum ársreikningi.

2. Umboðsmaður kærandar/kærenda ef við á

Fullt nafn	Erlendur Gíslason
Kennitala	
Heimilisfang	
Póstnúmer	
Sími	
Netfang	
Umboð	Umboð Búseti.pdf

3. Kæruefni

Hér skal tilgreina hvaða ákvörðun, athafnaleysi, brot á þátttökurétti almennings eða önnur afgreiðsla stjórnvalds er kærð. Upplýsa skal hvaða stjórnvald tók hina kærðu ákvörðun og hvenær ákvörðunin var tekin.

Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9.
Fylgiskjalalista

Efni kærunnar	
Kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa Reykjavíkurborgar frá 4. júlí 2025. Þar var synjað kröfum kæranda um annars vegar afturköllun byggingarleyfis fyrir mannvirkid við Álfabakka 2A og hins vegar um stöðvun frekarífrákvæmda við mannvirkid, að það yrði fjarlægt og allt jarðrask afmáð á grundvelli 55. gr. laga um mannvirki.	
Stjórnvald sem tók hina kærðu ákvörðun	Byggingarfulltrúi Reykjavíkurborgar
Dagsetning ákvörðunar	04.07.2025
Kæruheimild (ef þær upplýsingar eru til staðar)	

4. Kröfugerð (hvers krefst kærandi?)

Sem dæmi má nefna krafa um að ákvörðun verði felld úr gildi eða hluta, að viðkomandi stjórnvald aðhafist, að tiltekna framkvæmdir verði stöðvaðar eða að réttaráhrifum ákvörðunar verði frestað. Tekið skal fram að úrskurðarnefndin úrskurðar um lögþætti kærðrar ákvörðunar en tekur ekki nýja ákvörðun í málinu eða breytir ákvörðunum.

Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9.
Fylgiskjalalista
Sjá meðfylgjandi kæru

5. Hagsmunir kærandar/kærenda

Hvaða áhrif hefur hin kærða ákvörðun á hagsmuni kæranda/kærenda?

Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9.
Fylgiskjalalista

Sjá meðfylgjandi kæru

6. Kærufrestur

Hvenær (og hvernig) vissi kærandi/kærendur af hinni kærðu ákvörðun

Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9.
Fylgiskjalalista

4. júlí 2025

7. Rökstuðningur fyrir kæru

Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9.
Fylgiskjalalista

Sjá meðfylgjandi kæru

8. Forsaga

Hefur málið áður verið kært til úrskurðarnefndarinnar eða annars stjórnvalds eða verið til meðferðar fyrir dómstólum eða hjá umboðsmanni Alþingis?

Já

Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9.
Fylgiskjalalista

Sjá meðfylgjandi kæru

9. Fylgiskjalalisti

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Kæra
Númer skjals:	0
Fylgiskjal	2025 08 04 Búseti kæra Álfabakki.pdf

9. Fylgiskjalalisti²

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Fskj 1 Ákvörðun byggfulltrúa 04 07 2025
Númer skjals:	1
Fylgiskjal	Fskj 1_Ákvörðun byggingarfulltrúa dags. 3.7.2025.pdf

9. Fylgiskjalalisti³

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Fskj 1 Tp byggingarfulltrúa 04 07 2025
Númer skjals:	1
Fylgiskjal	Fskj 1_Tp Byggingarfulltrúa 04 07 2025.pdf

9. Fylgiskjalalisti⁴

Fylgiskjalalisti er töluð sett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Fskj 2 Byggingarleyfi
Númer skjals:	2
Fylgiskjal	Fskj 2_Byggingarleyfi - Álfabakki 2A.pdf

9. Fylgiskjalalisti⁵

Fylgiskjalalisti er töluð sett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Fskj 3 Fundargerð byggingarfulltrúa
Númer skjals:	3
Fylgiskjal	Fskj 3_afgreiðslufundur-byggingarfulltrua-17.-oktober-2023.pdf

9. Fylgiskjalalisti⁶

Fylgiskjalalisti er töluð sett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Fskj 4 Teikningar Álfabakki
Númer skjals:	4
Fylgiskjal	Fskj 4_alfabakki-2a-teikningar_2025-01-06_1110.zip

9. Fylgiskjalalisti⁷

Fylgiskjalalisti er töluð sett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Fskj 5 Bréf Búseta 12 11 2024
Númer skjals:	5
Fylgiskjal	Fskj 5 Bréf til byggingarfulltrúa sent 12.11.2024.pdf

9. Fylgiskjalalisti⁸

Fylgiskjalalisti er töluð sett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Fskj 6 Bréf byggingarfulltrúa 02 12 2024
Númer skjals:	6
Fylgiskjal	Fskj 6_TP frá byggingarfulltrúa 02 12 2024.pdf

9. Fylgiskjalalisti⁹

Fylgiskjalalisti er töluð sett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Fskj 7 Bréf Búseta 17 12 2024
Númer skjals:	7
Fylgiskjal	Fskj 7_Búseti_Bréf til Rvk 17.12.2024.pdf

9. Fylgiskjalalisti¹⁰

Fylgiskjalalisti er töluð sett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	Fskj 8 Ákvörðun byggingarfulltrúa 20 12 2024
---------------	--

Númer skjals:

8

Fylgiskjal

Fskj 8_Ákvörðun byggingarfulltrúa_20 des 2024_Álfabakki 2A.pdf



Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Reykjavík, 10. september 2025
USK25080022

Efni: Umsögn Reykjavíkurborgar í málinu nr. 123/2025, kæra Búseti húsnæðissamvinnufélag, Síðumúla 10, dags. 4. ágúst 2025. Í framangreindri kæru er kærð ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 4. júlí 2025 um að synja kröfu kæranda um annars vegar afturköllun byggingarleyfis fyrir mannvirkið að Álfabakka 2A og hins vegar um stöðvun framkvæmda við mannvirkið, að það yrði fjarlægt og allt jarðrask afmáð á grundvelli 55. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

Málavextir

Þann 15. apríl sl. sendi Búseti húsnæðissamvinnufélag, byggingarfulltrúanum í Reykjavík bréf, þar sem farið var fram á að byggingarfulltrúinn í Reykjavík afturkalli byggingarleyfi fyrir mannvirkið á Álfabakka 2A, stöðvi allar framkvæmdir og geri kröfu um að mannvirkið sé fjarlægt og jarðrask afmáð sbr. 55. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og gr. 2.9.1. byggingarreglugerðar nr. 112/2012.

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík svaraði bréfinu þann 30. apríl sl., í því svari kom fram að ekki væri tilefni til að taka afstöðu til krafna félagsins þar sem málið var enn til rannsóknar hjá embættinu á þeim tímapunkti.

Þann 3. júlí sl. tók byggingarfulltrúinn í Reykjavík formlega afstöðu til krafna félagsins þar sem öllum kröfum félagsins frá 15. apríl sl. var hafnað.

Kröfugerð

Reykjavíkurborg krefst þess aðallega að kröfu kæranda um að ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 3. júlí sl. verði felld úr gildi, verði hafnað og að kröfu kæranda um lagt verði fyrir byggingarfulltrúa að beita þvingunarúrræðum, verði vísað frá. Til vara krefst Reykjavíkurborg þessa að öllum kröfum kæranda verði hafnað.

Afstaða Reykjavíkurborgar

1. *Krafa kæranda um að ákvörðun byggingarfulltrúa frá 3 júlí sl. verði felld úr gildi.*

Í bréfi frá Búseta húsnæðissamvinnufélagi frá 15. apríl sl. er farið fram á að byggingarfulltrúi beiti þvingunarúrræðum sbr. 55. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og gr. 2.9.1. byggingarreglugerðar nr. 112/2012. Ákvæði um þvingunarúrræði í lögum um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012 fela í sér heimild fyrir byggingarfulltrúa til að taka ákvörðun um beitingu þvingunarúrræða. Ákvörðun um beitingu þvingunarúrræða er ávallt háð mati byggingarfulltrúa. Í athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum um mannvirki nr. 160/2010 kemur fram að eðlilegt sé beiting þvingunarúrræða sé metin í hverju tilviki fyrir sig með tilliti til meðalhófs.

Ákvæðin gefa því byggingarfulltrúa kost á að bregðast við ef gengið er gegn þeim almannahagsmunum er búa að baki lögum um mannvirki nr. 160/2010 svo sem skipulags- öryggis og heilbrigðishagsmunum. Það er ávallt mat á aðstæðum sem ræður



því hvort þvingunarúrræðum sé beitt eða ekki, í tilefni af framkvæmd sem telst vera ólögmæt. Með hliðsjón af framangreindu verður ekki talið að aðilum sé tryggður lögvarinn réttur til að knýja byggingaryfirvöld til beitingar þvingunarúrræða vegna einstaklingshagsmuna enda er þeim tryggð önnur réttarúrræði til þess að verja hagsmuni sína.

Í kæru er fjallað um kröfur kæranda, þar sem því er meðal annars haldið fram að ekki hafi verið tekin efnisleg afstaða til krafna kæranda og þeirra annamarka sem kærandi heldur fram. Í bréfi byggingarfulltrúa til kæranda frá 3. júlí sl. koma fram skýringar á athugasemdum kæranda við byggingarleyfi nr. USK23080010 og vísast til þeirrar umfjöllunar sem þar kemur fram um byggingarleyfi nr. USK23080010 með þeim breytingum sem orðið hafa á því.

Í kæru fjallar kærandi um meinta ágalla á deiliskipulagsbreytingu fyrir suður- Mjódd sem samþykkt var í borgarráði 13. október 2022. Ljóst er að kærufrestur vegna þeirra meintu ágalla er fyrir löngu liðinn sbr. lög um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011 og stjórnsýslulög nr. 37/1993.

Að öðru leiti vísast til bréfs byggingarfulltrúa frá 3. júlí sl. þar sem öllum kærutritum er svarað.

2. *Krafa kæranda um að lagt verði fyrir byggingarfulltrúann í Reykjavík að taka málið aftur til meðferðar, afturkalla byggingarleyfi fyrir Álfabakka 2A (USK23080010) og beita heimildum sínum samkvæmt 55. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki og leggja fyrir leyfishafa að stöðva framkvæmdir, fjarlægja hið ólögmæta mannvirki og afmá allt jarðrask sem af því hefur hlotist.*

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála hefur nefndin það hlutverk að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvarðana og ágreiningsmála vegna annarra úrlausnatritið á sviði umhverfis- og auðlindamála eftir því sem mælt er fyrri um í lögum á því sviði. Það fellur því utan valdheimilda nefndarinnar að taka nýja ákvörðun í málinu með því að leggja fyrir byggingarfulltrúa að beita þvingunarúrræðum. Ákvörðun um beitingu þvingunarúrræða er á hendi byggingarfulltrúa.

Að öðru leiti vísast til þess sem að ofan greinir og bréfs byggingarfulltrúa frá 3. júlí sl.

Niðurstaða

Í ljósi framangreinds hefur ekkert komið fram sem getur valdið ógildingu ákvörðunar byggingarfulltrúa frá 3. júlí sl. og ítrekar Reykjavíkurborg þá kröfu sína að úrskurðarnefndin hafni kröfum kæranda í málinu. Taki nefndin til skoðunar aðrar málsástæður en fram koma í kæru og í umsögn þessari er þess óskað að borgaryfirvöldum verði gert kleift að tjá sig um þær áður en til úrskurðar í málinu kemur.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,

Bjarki Freyr Arngrímsson
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið

Fylgiskjöl:

1. Samþykktir aðaluppdrættir frá 16. maí 2025
2. Bréf byggingarfulltrúa frá 3. júlí 2025
3. Bréf byggingarfulltrúa frá 30. apríl 2025



Reykjavík



Árið 2025, fimmtudaginn 21. ágúst, tók Arnór Snæbjörnsson, formaður úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, með heimild í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 130/2011, fyrir:

Mál nr. 123/2025, kæra á ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 3. júlí 2025 um að synja kröfu um afturköllun byggingarleyfis vegna mannvirkis á lóð nr. 2A við Álfabakka og beitingu þvingunarúrræða.

Í málinu er nú kveðinn upp til bráðabirgða

úrskurður um kröfu kæranda um stöðvun framkvæmda:

Með bréfi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 4. ágúst 2025, er barst nefndinni sama dag, kærir Búseti húsnaðissamvinnufélag, eigandi íbúða í Árskógum 5-7, þá ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík frá 3. júlí 2025 að synja kröfu um afturköllun byggingarleyfis vegna mannvirkis á lóð nr. 2A við Álfabakka og stöðvun framkvæmda við mannvirkið, að það yrði fjarlægt og allt jarðrask afmáð. Er þess krafist að ákvörðunin verði felld úr gildi. Þess er jafnframt krafist að framkvæmdir sem hafnar séu eða yfirvofandi verði stöðvaðar á meðan málið er til meðferðar fyrir úrskurðarnefndinni. Verður nú tekin afstaða til kröfu kæranda um stöðvun framkvæmda sbr. 5. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Málsatvik og rök: Með erindi til byggingarfulltrúans í Reykjavík, dags. 12. nóvember 2024, fór kærandi fram á stöðvun yfirstandandi framkvæmda við Álfabakka 2A. Var beiðninni synjað af hálfu byggingarfulltrúa með bréfi, dags. 20. desember s.á. Ákvörðun byggingarfulltrúa var kærð til úrskurðarnefndarinnar með bréfi, dags. 13. janúar 2025. Fékk kæran málsnúmerið 6/2025. Á meðan kæran var til meðferðar tilkynnti byggingarfulltrúi hinn 30. janúar s.á. að framkvæmdir við kjötvinnslu á 1. hæð í Álfabakka 2A yrðu tafarlaust stöðvaðar og með hliðsjón af því var kærinni vísað frá með úrskurði, dags. 11. febrúar 2025.

Kærandi ítrekaði kröfur sínar til byggingarfulltrúa með bréfi, dags. 15. apríl s.á. þar sem farið var fram á að byggingarfulltrúi afturkallaði byggingarleyfið, stöðvaði allar framkvæmdir og gerð var krafa um að mannvirkið yrði fjarlægt og jarðrask afmáð. Hinn 8. maí s.á. lá fyrir álit Skipulagsstofnunar um að fyrirhuguð starfsemi að Álfabakka 2A væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 111/2021. Með bréfi, dags. 4. júlí 2025, synjaði byggingarfulltrúi kröfum kæranda um afturköllun byggingarleyfis og beitingu þvingunarúrræða vegna mannvirkis á lóð nr. 2A við Álfabakka.

Kærandi telur stöðvun framkvæmda nauðsynlega á meðan skorið sé úr um hvort framkvæmdir séu í samræmi við gildandi leyfi og skipulag. Slík ákvörðun hafi þýðingu á þessu stigi málsins þrátt fyrir að framkvæmdir séu langt komnar enda hafi hönnuður byggingarinnar lýst því yfir að hægt sé að breyta henni og Reykjavíkurborg lýst því yfir að mistök hafi verið gerð. Það hafi tekið rúmlega níu mánuði að fá niðurstöðu borgarinnar í málinu og á meðan hafi mannvirkið á lóðinni risið með tilheyrandi tjóni fyrir kæranda og aðra íbúa á svæðinu. Brýnt sé að

framkvæmdum verði ekki haldið áfram eða lokið að fullu fyrr en fyrir liggi hvort framkvæmdin sé í samræmi við lög.

Reykjavíkurborg vísar til þess að hvorki sé knýjandi þörf á að stöðva framkvæmdir á meðan málið sé til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni né séu til staðar ástæður sem mæli með stöðvun. Ekkert hafi komið fram sem bendi til þess að útgefið byggingarleyfi sé háð annmörkum sem valdið geti ógildingu.

Af hálfu byggingaraðila, Álfabakka 2 ehf., er kröfu um stöðvun framkvæmda mótmælt harðlega, m.a. með vísan til þess að ytra byrði fasteignarinnar sé fullbyggt og einungis séu eftir framkvæmdir við kjötvinnslu á vegum leigutaka fasteignarinnar. Stöðvun framkvæmda væri til þess fallin að valda byggingaraðila og leigutaka hans miklu tjóni og séu hagsmunir þeirra aðila meiri en hagsmunir kæranda að því leyti til.

Niðurstaða: Í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er tekið fram að kæra til úrskurðarnefndarinnar fresti ekki réttaráhrifum kærðrar ákvörðunar en jafnframt er kæranda þar heimilað að krefjast stöðvunar framkvæmda séu þær hafnar eða yfirvofandi, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar. Þá getur úrskurðarnefndin að sama skapi frestað réttaráhrifum ákvörðunar komi fram krafa um það af hálfu kæranda, sbr. 3. mgr. 5. gr. Með sama hætti er kveðið á um það í 29. gr. stjórnáðalgröð nr. 37/1993 að kæra til æðra stjórnvalds fresti ekki réttaráhrifum kærðrar ákvörðunar en þó sé heimilt að fresta réttaráhrifum hinnar kærðu ákvörðunar til bráðabirgða meðan málið er til meðferðar hjá kærustjórnvaldi þar sem ástæður mæli með því.

Tilvitnuð lagaákvæði bera með sér að meginreglan er sú að kæra til æðra stjórnvalds frestar ekki réttaráhrifum kærðrar ákvörðunar og eru heimildarákvæði fyrir stöðvun framkvæmda eða frestun réttaráhrifa kærðrar ákvörðunar undantekning frá nefndri meginreglu sem skýra ber þröngt. Verða því að vera ríkar ástæður eða veigamikil rök fyrir ákvörðun um stöðvun framkvæmda eða frestun réttaráhrifa. Almennt mælir það á móti því að fallast á kröfu um stöðvun ef fleiri en einn aðili eru að máli og þeir eiga gagnstæðra hagsmuna að gæta. Einnig geta komið til álita þau tilvik þar sem kærueimild verður í raun þýðingarlaus ef framkvæmdir eru ekki stöðvaðar, svo sem ef sú framkvæmd sem krafist er stöðvunar á er óafturkræf.

Að virtum framangreindum lagaákvæðum og þeim sjónarmiðum sem liggja að baki þeim verður ekki talin knýjandi þörf á að stöðva framkvæmdir á meðan málið er til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni. Þá verður einnig að horfa til þess að framkvæmdir á lóð nr. 2A við Álfabakka eru langt komnar og mannvirkið sem kæran varðar nú þegar risið. Verður kröfu kæranda þess efnis því hafnað.

Rétt þykir þó að taka fram að framkvæmdaraðili ber áhættu af úrslitum kærumálsins kjósi hann að halda áfram framkvæmdum áður en niðurstaða þessa máls liggur fyrir.

Úrskurðarorð:

Hafnað er kröfu kæranda um stöðvun framkvæmda til bráðabirgða.

Arnór Snæbjörnsson (sign)